

**Nd.**

**459. Álit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913. (Friðun fugla).

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndarinnar.

Þó vjer kōnnumst við, að nokkur vandkvæði muni fylgja því fyrir mark- að vorn erlendis að alfriða rjúpur 7. hvert ár, þá þykir oss margt varhugavert við frumv. þetta. Lengingin á friðunartímanum kemur ýmsum sveitum norðan- lands að litlu gagni, sem hafa litlar samgöngur að haustinu og það sveitum, sem annars gætu flutt út rjúpur til muna. Þá teljum vjer það og vafasamt, að sú lenging friðunartímans, sem frumv. gerir ráð fyrir, komi að tilætluðum notum, því þeim mun meira kapp má leggja á veiðina, meðan hún er stunduð. Nýlega var og frumv. felt í efri deild um að leyfa að skjóta rjúpur í þetta sinn og banna jafnframt útflutning á þeim til útlanda, og þykir oss að þetta frumv. sje ekki í fullu samræmi við afstöðu þingsins til fyrra frumvarpsins. Að lokum viljum vjer minna á, að þó fuglafriðunarlögin sjeu nýlega endurskoðuð, þarf að álit margra að breyta fleiru í þeim en þessu atriði, svo vjer teljum öllu rjettara að láta á-

kvæðin um friðun rjúpna haldast óbreytt, til þess að friðunarlögin yrðu þá endurskoðuð i heild. Af þessum ástæðum ráðum vjer deildinni til að fella frumv. þetta.

Alþingi 20. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,  
formaður.

Guðm. Hannesson,  
ritari.

Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson.